

RARIK ohf, kt. 520269-2669, hér eftir nefnt „RARIK“, og Suðurdalur ehf., kt. 410617-1530, hér eftir nefndur „virkjunaraðili“, (saman „aðilar“) gera með sér eftirfarandi:

Samkomulag um tengigjald jarðvarmavirkjunar við Folaldaháls í landi Króks og tengingar hennar við dreifikerfi RARIK

1. Almenn

- 1.1. Aðilar gerðu með sér samning um tengingu jarðhitavirkjunar á Folaldahálsi í landi Króks við dreifikerfi RARIK, dags. 8. mars 2024. Eins og fram kemur þar verður full stærð virkjunar 3,9 MW að málafli rafala. Virkjunin verður stækkuð í áföngum upp í fulla stærð og verður fyrsti áfangi hennar allt að 2 MW.
- 1.2. Fyrirhugaðri orkuvinnslu er nánar lýst í „Orkuvinnsluáætlun Folaldahálsvirkjunar“ sem er viðauki með samningi þessum.
- 1.3. Þegar virkjunarleyfi liggur fyrir munu aðilar gera samning um samrekstur RARIK og Folaldahálsvirkjunar í landi Króks.
- 1.4. Allir viðaukar við samning þennan eru órjúfanlegur hluti af samningi þessum og skulu hafa sama gildi og væri efni þeirra tekið fram í meginmáli samnings þessa. Ef ósamræmi er milli samnings þessa og einstaks viðauka skulu ákvæði viðaukans gilda.

2. Tengikostnaður

- 2.1. Virkjunaraðili greiðir kostnað við tengingu virkjunar eins og kveðið er á um í samningi þessum.

3. Tenging virkjunar

- 3.1. RARIK hefur lagt mat á tengikostnað 3,9 MW jarðhitavirkjunar Suðurdals ehf. við Folaldaháls í landi Króks við dreifikerfi RARIK. Með tengingu er virkjunin tengd flutningskerfi Landsnets í gegnum dreifikerfi eins og heimilt er samkvæmt raforkulögum fyrir virkjanir undir 10 MW.
- 3.2. Frá afhendingarstað virkjunar er lagður 12 kV háspennustrengur 3x+240q að afhendingarstað Landsnets inn á dreifikerfi RARIK við Ljósafoss. Settir verða upp aflrofi og teinrofi með liðavernd og fjarstýringu í rými sem virkjunaraðili leggur til í stöðvarhúsi. Einnig verða settir upp straum- og spennuspennar fyrir orkumælingu sem verður á 11 kV hlið einangrunarspennis. Þá verður settur upp nýr aflrofi við Ljósafoss fyrir nýja strenginn. Miðað er við að virkjun afhendi raforkuna á eftirvafi einangrunarspennis.
- 3.3. Aðilar eru sammála um að í fyrsta áfanga er virkjun tengd til bráðabirgða með minni heimild til innmötunar afls, allt að 2 MW, sjá gr.1 í samrekstrarsamningi. Við bráðabirgðatengingu er einungis lagður fyrsti áfangi strengsins inn að núverandi dreifikerfi RARIK við rofastöð við Villingavatn þar sem settur verður upp rofi til bráðabirgða.
- 3.4. Aðilar eru sammála um að ekki verði ráðist í framkvæmdir við tengingu annars áfanga fyrr en aðilar hafa báðir staðfest að framkvæmdir við hann skuli hefjast og að gengið hafi verið frá ábyrgðum og/eða tengigjaldi í samræmi við samning þennan.

4. Sundurliðun kostnaðar

Skýring (allar tölur eru í millj.kr. án vsk)	Magn	Eining	Upphæð	Kostnaður bráðabirgðatengingar
Tengivirki við afhendingarstað:				
- rofabúnaður við Krók, VMC	1	Stk	12,500	12,500
- fjargæsla og liðavernd	1	Stk	3,100	3,100
- hús 1)	1	Stk	5,250	5,250
- stöðvarnotkunarspennir	1	Stk	0,500	0,500
Tengivirki Ljósafossi				
- rofabúnaður við Ljósafoss, CCT	1	Stk	5,000	
- fjargæsla og liðavernd	1	Stk	3,100	
- hús 2)	1	Stk	5,250	
- stöðvarnotkunarspennir	1	Stk	0,500	
Rofastöð við Villingavatn				
- rofabúnaður	1	Stk		5,000
- hús	1	Stk		5,250
Strengur:				
Háspennustrengur, 240q 11 kV	6,5	Km	55,250	14,195
Ófyrirséð	10%		9,045	4,5795
SAMTALS			99,50	50,37

5. Tengikostnaður til greiðslu

- 5.1. Lagt hefur verið mat á tilkostnað og tekjur dreifikerfisins vegna tengingar virkjunarinnar miðað við áætlaða skiptingu orkuvinnslu innan ársins í því skyni að meta hvort virkjunin standi undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði.
- 5.2. Niðurstaða matsins er að ef virkjunin nær umsaminni fullri stærð og að orkuvinnsla og eigin notkun verði í samræmi við viðauka 1 (orkuvinnsluáætlun) þá muni virkjunin standa undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði.
- 5.3. Verði virkjunin ekki stærri en sem svarar til heimilaðrar bráðabirgðatengingar (allt að 2MW) mun virkjunin ekki standa undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði.
- 5.4. Enn fremur ef orkuvinnsla og eigin notkun verður ekki í samræmi við viðauka 1 þá er ekki víst að virkjunin standi undir eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði.
- 5.5. Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. a. í raforkulögum nr. 65/2003, sbr. einnig 25. gr. a. í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga skal virkjunaraðili greiða tengigjald til að mæta eðlilegum stofn- og rekstrarkostnaði sem virkjunin stendur ekki undir með fyrirséðum viðskiptum.

6. Trygging

- 6.1. Við undirritun samnings þessa leggur virkjunaraðili fram bankaábyrgð að fjárhæð kr. 40.000.000 (fjörutíu milljónir króna). Ábyrgðin er til tryggingar skaðleysi RARIK í tengslum við samning þennan og vegna fyrirhugaðrar jarðvarmavirkjunar.
- 6.2. Gildistími framangreindrar bankaábyrgðar skal vera 12 mánuðir og skal virkjunaraðili endurnýja hana með framlengdum gildistíma um 12 mánuði í senn, nema virkjunaraðila takist að sýna fram á að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, sbr. grein þessa.
- 6.3. Þau skilyrði sem virkjunaraðili þarf að uppfylla til að bankaábyrgðin falli niður að hluta eða öllu leyti eru eftirfarandi:
 - Raun orkuvinnsla virkjunar að frádreginni eigin notkun sé í samræmi við orkuvinnsluáætlun sem virkjunaraðili hefur skilað inn í að minnsta kosti 6 mánuði.
 - Eftir 6 mánuði í fullum rekstri (3,9 MW) mun RARIK endurmeta stöðuna og þar með talið hvort þörf er á áframhaldandi bankaábyrgð.
 - Verði innmötun frá virkjuninni inn á kerfi RARIK verulega lægri en áætlanir gera ráð fyrir, áskilur RARIK sér rétt til að innheimta hluta -eða allt tengigjaldið í samræmi við nýja útreikninga á arðsemi verkefnisins fyrir RARIK hvenær sem er á því tímabili sem notað var til grundvallar útreikninga á arðsemi RARIK.
- 6.4. RARIK mun endurmeta fjárhæð bankaábyrgðar árlega með hliðsjón af rekstrarreynslu virkjunarinnar og að teknu tilliti til stækkunar virkjunarinnar og tilkostnaðar RARIK vegna þess. Þá verður staðan endurmetin áður en varanleg tenging verður sett upp af hálfu RARIK. Niðurstaða þessa mats getur leitt til þess að virkjunaraðila beri að leggja fram hærri tryggingu. Ef niðurstaða endurmats leiðir í ljós að RARIK þurfi að krefja virkjun greiðslu tengigjalds eru aðilar sammála um að virkjunaraðili greiði það og fellur ábyrgð þá niður.

7. Önnur ákvæði

- 7.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun og gildir ótímabundið.
- 7.2. Samningurinn er undirritaður með rafrænum hætti.

Viðauki 1

Orkuvinnsluáætlun jarðavarmavirkjunar við Folaldaháls

Fyrirvari um vinnsluáætlun:

Vinnsluáætlun miðað við tengingu virkjunar af fullri stærð og gangsetningu í september 2024. Hliðra þarf vinnslu- og notkunartölum einstakra mánaða til samræmis við hliðrun gangsetningartíma hvers áfanga bráðabirgðatengingar og stækkunar virkjunar.

Folaldaháls Framleiðsluáætlun	September'24	Október'24	Nóvember'24	Desember'24	Janúar'25	Febrúar'25	Mars'25	Apríl'25	Mai'25	Júní'25	Júlí'25	Ágúst'25	September'25	Október'25	Nóvember'25	Desember'25
Samtals framleiðsla Folaldahálsi																
Afl MW	0.2 MW	2.3 MW	2.3 MW	2.3 MW	2.3 MW	2.3 MW	2.7 MW	3.1 MW	3.5 MW	3.9 MW	3.9 MW	3.9 MW	3.9 MW	3.9 MW	3.9 MW	3.9 MW
Orka MWst.	141	1,623	1,623	1,623	1,623	1,623	1,905	2,187	2,470	2,752	2,752	2,752	2,752	2,752	2,752	2,752
% af fullri nýtingu (720 klst/mán)	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%	98%
Inn á kerfi RARIK																
Afl MW	0.0 MW	2.1 MW	2.1 MW	2.1 MW	2.1 MW	2.1 MW	2.5 MW	2.9 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW	3.0 MW
Orka MWst.	-	1,482	1,482	1,482	1,482	1,482	1,764	2,046	2,117	2,117	2,117	2,117	2,117	2,117	2,117	2,117
Eigin notkun í Króki																
Afl MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.2 MW	0.5 MW	0.9 MW	0.9 MW	0.9 MW	0.9 MW	0.9 MW	0.9 MW	0.9 MW
Orka MWst.	141	141	141	141	141	141	141	141	353	635	635	635	635	635	635	635

Uppkeysluáætlun:

- Áætlað er að framleiða 0,2 MW og uppi 3,9 MW og að uppkæslan verður frá September 2024 og nái hámarki vorið 2025.
- Áætlað er að hefja sölu rafmagns inná kerfi hjá Rarik þann 1. október 2024 eða um 2,3 MW og nái hámarki í maí 2025 samtals 3 MW.
- Áætlað er að hefja sölu rafmagns inná kerfi hjá Krók þann 1. september 2024 eða um 0,2 MW og nái hámarki í júní 2025 samtals 0,9 MW.